

REGLUR

um verðmerkingar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vöru og þjónustu beint til neytenda.

Verðmerkja skal vöru hvar sem hún er til sýnis, þ.m.t. vöru í búðargluggum og sýningar-kössum.

Þegar söluverð vöru eða þjónustu er birt í auglýsingu skal fara eftir reglum um verðmerkingar eftir því sem við á.

Reglur þessar gilda ekki um uppboðssölu.

2. gr.

Almennt um verðmerkingar.

Skylt er að verðmerkja vöru og þjónustu með söluverði.

Verðmerking skal vera skýr svo greinilegt sé til hvaða vöru verðmerkingin vísar.

Auðvelt á að vera að sjá verð vöru og þjónustu á sölustað. Ef fleiri en ein verðmerking er á vöru, skal koma skýrt fram hvaða verð neytendur eiga að greiða.

Uppgefið söluverð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram.

Kjósi fyrirtæki að innheimta sérstakan kostnað í kreditkortaviðskiptum skal það a.m.k. koma skýrt fram við inngöngudyr fyrirtækis.

3. gr.

Verðmerking á útsölu.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var, sbr. 28. gr. samkeppnislaga.

4. gr.

Verðmerking vegna neytendalána.

Í auglýsingum eða tilboðum, sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda, skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð sbr. 13. gr. laga um neytendalán.

5. gr.

Verðmerking á vörum.

Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða söluveiningu.

Þegar vara er seld í lausri vigt skal söluverð hennar gefið upp miðað við kíló, lítra eða aðra viðeigandi mælieiningu.

Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Ef framangreint er ekki hægt má verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista enda sé ávallt tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið.

Auk söluverðs er skylt að gefa upp mælieiningarverð samkvæmt reglum sem gilda þar um.

6. gr.

Verðmerking á þjónustu.

Skýr verðskrá eða skilti með verði á allri þjónustu sem þjónustufyrirtæki veitir skal vera hjá afgreiðslukassa eða á áberandi stað þar sem þjónustan er veitt.

Einnig skal þjónustufyrirtæki, eftir því sem við verður komið, hafa verðskrá við inngöngudyr. Þar skal gefa upp verð á algengustu þjónustu sem er á boðstólum.

7. gr.

Undanþága.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Viðurlög.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna nr. 576/1994 sem falla jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 25. september 1998.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Kópavogi.**

Á fundi bæjarráðs 22. maí 1998 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi við Auðbrekku 13-15. Í tillögunni felst að ofangreindar lóðir eru sameinaðar í eina lóð og á henni byggð ein bygging í stað tveggja eins og mæliblað, sem unnið var á grundvelli skipulagsuppdráttar sem ekki hlaut formlega afgreiðslu sem deiliskipulag, gerir ráð fyrir. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að byggingarreitur verði færður 13 metrum norðar miðað við framangreint mæliblað og að hin fyrir hugaða bygging verði tvær hæðir auk kjallara um 500 fermetrar að grunnfleti. Gert er ráð fyrir gönguleiðum milli Auðbrekku og Dalbrekku bæði austan og vestan fyrirhugaðrar byggingar.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 18. mars til 22. apríl 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Kópavogi, 29. september 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.